

Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar eftir að það gekk öðru sinni til hennar 10. desember sl. Nefndin hefur fengið fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins á fund sinn, auk fulltrúa Isavia vegna fyrirhugaðra arðgreiðslna í ríkissjóð og fulltrúa Ríkisútvarpsins. Þá hefur nefndin aflað viðbótargagna frá ýmsum ríkisaðilum.

Meiri hlutinn gerir tillögu um eina breytingu á tekjuáætlun fjárlaga í samræmi við tillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um að endurskoða ívilnun bílaleigufyrirtækja vegna bifreiðainnflutnings þar sem lækkun á vörugjaldi verði ekki meiri en sem nemur 750 þús. kr. á hverja bifreið, en við 2. umræðu var gert ráð fyrir að lækkunin gæti mest numið 500 þús. kr. á bíl. Tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum er metið um 380 millj. kr.

Einnig eru gerðar nokkrar tillögur um breytingar á öðrum hlutum frumvarpsins.

Í breytingartillögu við 2. gr. um sjóðstreymi er gert ráð fyrir að lántökur lækki um 20 milljarða kr. og þær verði 60 milljarðar kr. í stað 80 milljarða kr. Þá lækki afborganir lána um 2,8 milljarða kr. Nú er miðað við að ganga á handbært fé ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands í stað lántöku. Minni afborganir stafa einkum af uppkaupum ríkisbréfa og breyttum gengisforsendum.

Í breytingartillögu við 5. gr. sem fjallar um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir er lagt til að heimild til lántöku breytist úr 80 milljörðum kr. í 60 milljarða kr. og er það til samræmis við áform um minni lántökur.

Lagt er til að við 6. gr. bætist heimild til handa fjármála- og efnahagsráðherra til að ganga til samninga við Vaðlaheiðargöng hf. um flutning á rúmlega 200 þúsund rúmmetrum af efni úr Vaðlaheiðargöngum á væntanlegt flughlaðssvæði við Akureyrarflugvöll.

Í breytingartillögum við sundurliðun 4 (Fjármál lánastofnana í C-hluta) felast einungis smávægilegar lagfæringar.

Meiri hlutinn leggur einnig fram nokkrar tillögur um breytingar á gjaldahlið fjárlaga sem fela í sér að gjöldin hækki um 325,2 millj. kr. Gerð er grein fyrir þessum tillögum í umfjöllun um einstaka liði hér á eftir. Með þeim eru heildargjöldin þá áætluð 650.114,4 millj. kr. og tekjurnar 653.693,0 millj. kr. og er þá heildarjöfnuður áætlaður 3.578,6 millj. kr.

Í breytingartillögum við gjaldahlið felst einnig leiðrétting á fjármögnun hjá umboðsmanni skuldara þannig að 115,6 millj. kr. viðskiptahreyfing falli niður en liðurinn „innheimt af ríkistekjum“ hækki um sömu fjárhæð. Ekki er um að ræða breytingu á gjaldaheimild stofnunarinnar með þessari tillögu heldur eingöngu breytta fjármögnun. Einnig er lögð til leiðrétting í tengslum við liðinn 09-989 Ófyrirséð útgjöld sem felur í sér að hluti af fjárheimild og sértekjum sundurliðist samkvæmt sérstöku yfirliti. Um er að ræða endurmat á verðlagsforsendum átta liða sem láðist að gera ráð fyrir við 2. umræðu.

Meiri hlutinn vekur að auki athygli á nokkrum málum án þess að gera sérstakar breytingartillögur sem varða þau.

Í fyrsta lagi er vakin athygli á málefnum Íbúðalánasjóðs en til viðbótar við fjárhagsvandræði sjóðsins sem lýst er í nefndarátliti meiri hlutans við 2. umræðu hefur nefndin fengið rekstraráætlanir til næstu fimm ára í hendurnar. Þar kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir að árlegt tap á rekstri sjóðsins verði um eða yfir 3 milljarðar kr. og að uppsafnað tap yfir tímabilið nemi um 15 milljörðum kr. Þar af nemur virðisrýrnun útlána rúmlega 9 milljörðum kr. Þegar nánar er rýnt í forsendur áætlunarinnar er vaxtamunur sjóðsins svo lítill að hann skilar einungis tæplega 1 milljarði kr. upp í rekstrarkostnað sem nemur um 3 milljörðum kr. á ári. Vandamál sjóðsins liggja þannig í þáttum eins og ófullnægjandi vaxtamun, vanskilum skuldara og afskriftaþörf veittra lána sem leiða til kostnaðarsamra yfirtöku fullnustueigna.

Undanfarin ár hafa fjármálastofnanir sem starfa á markaðsforsendum aukið verulega hlutdeild sína í lánveitingum til húsnæðislána og ætla má að í ár mæti þær ásamt lífeyrissjóðum stærstum hluta af þessari lánsfjárförf. Í ár stefnir í að lánveitingar Íbúðalánasjóðs nemi einungis um 7 milljörðum kr. en uppgreiðslur eldri lána nemi um 27 milljörðum kr. Sjóðurinn veitti einungis 246 almenn íbúðalán á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 en slík lán voru 468 á sama tímabili 2013. Þessi þróun bendir til þess að hlutverk sjóðsins á íslenskum húsnæðislánamarkaði fari hratt minnkandi.

Framlög til sjóðsins hafa numið 53,5 milljörðum kr. frá árinu 2009 og allt of lengi hefur dregist að stjórnvöld uppfylli þá skyldu sína að grípa til aðgerða sem hafa það að markmiði að draga úr hallarekstri sjóðsins og áhættu í rekstri hans. Meiri hlutinn hyggst fylgja því eftir strax í byrjun næsta árs að knýja á um að gripið verði þegar í stað til aðgerða til að stöðva áframhaldandi taprekstur Íbúðalánasjóðs.

Í öðru lagi hafa fjárhagsmálefni Ríkisútvarpsins verið til skoðunar hjá nefndinni. Meiri hlutinn telur mjög mikilvægt að sem allra fyrst verði brugðist við skuldavanda þess. Ljóst þykir að á næstu árum verði miklar breytingar á rekstrarumhverfi fjölmiðla. Meginmarkmið aðgerða ættu að vera að standa vörð um framleiðslu á innlendu dagskrárefni, menningarhlutverki Ríkisútvarpsins og almannaþjónustu jafnframt því að ná rekstrarlegu jafnvægi. Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að leita nýrra leiða í grunnþáttum stofnunarinnar, svo sem framleiðslu dagskrárefnis, húsnæðismálum og rekstri dreifikerfis. Samþætting fjölmiðla við aðra afþreyingu með breyttum fjarskiptum skapa ný tækifæri við miðlun á efni en um leið er nauðsynlegt að Ríkisútvarpið marki sér sérstöðu við hæfi. Meiri hlutinn styður hugmyndir stjórnar Ríkisútvarpsins um algera endurskoðun á húsnæðisþörf og sölu húsnæðisins að Efstaleiti 1. Væntanlegar sölutekjur nema umtalsverðum hluta af vaxtaberandi skuldum félagsins. Þá er rétt að breyta uppgjörsárinu nú þegar þannig að það miðist við almanaksárið eins og tilskilið er í lögum um fjárreiður ríkisins.

Ríkisframlag til Ríkisútvarpsins hefur hækkað um 486 millj. kr. eða um 15% á tveimur árum, að meðtalinni tillögu um hækkun á framlagi við 2. umræðu. Á sama tíma hefur verðbólga verið um 6%. Heildartekjur stofnunarinnar hafa aldrei verið meiri en nú, en á móti vegur að á síðasta rekstrarári hækkuðu almenn rekstrargjöld um 325 millj. kr. milli ára, eða um 7%. Hlutfallslega er hækkunin mest vegna yfirstjórnar (40%) og dreifikerfisins (35%). Þegar afskriftum er bætt við rekstrargjöldin er enginn afgangur til að mæta fjármagnskostnaði sem nam 325 millj. kr. Fjárhagsvandi stofnunarinnar á sér fyrst og fremst rætur í gjaldahliðinni frekar en að um tekjuvanda sé að ræða og telur meiri hlutinn enga ástæðu til þess að gera frekari breytingar á framlögum til Ríkisútvarpsins og væntir þess að stjórnin leysi úr fjárhagsvanda stofnunarinnar miðað við þau framlög sem hún fær skv. 14. gr. laga

nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Nauðsynlegt er að bæði mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið fylgi þessum málum eftir.

Í þriðja lagi bendir meiri hlutinn á nauðsyn þess að fyrir liggi miklu betri upplýsingar en nú er varðandi hagnýtingu rammisamninga og útboða. Meiri hlutinn hefur ítrekað óskað eftir upplýsingum um þessi mál frá Ríkiskaupum, þar á meðal um hve margar stofnanir nýta sér þessar leiðir til þess að ná fram meiri hagkvæmni og sparnaði í rekstri og í hve ríkum mæli. Í ljós hefur komið að nauðsynlegar upplýsingar liggja ekki fyrir. Brýnt er að úr þessu verði bætt á fyrri hluta næsta árs með samstilltu átaki fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Ríkiskaupa þannig að fyrir liggi hvaða stofnanir þurfa að bæta rekstur sinn til þess að tryggt sé að rammisamningar og útboð séu nýtt á sem allra flestum sviðum. Meiri hlutinn hyggst fylgja þessu verkefni frekar eftir á næstu vikum.

Meiri hlutinn bendir einnig á mikilvægi þess að stjórnvöld vinni í samræmi við tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar til þess að ná fram enn frekari sparnaði í ríkisrekstrinum. Fyrir liggja upplýsingar sem benda til þess að sameining stofnana, t.d. heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, geti skilað meira en 5% lækkun gjalda án þess að þjónustan sé skert.

Einnig er nauðsynlegt að stjórnvöld séu stöðugt tilbúin til að selja allar eignir sem ekki nýtast í rekstri ríkisins hverju sinni.

Þá þykir rétt að vekja athygli á tillögu sem samþykkt var við 2. umræðu um breytingu á liðnum 06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Skýringartexti með tillögunni hefði átt að vera ítarlegri og geta hefði átt um að til viðbótar þeim flugvöllum sem nefndir eru til sögunnar vegna endurnýjunar búnaðar og uppbyggingar er einnig stefnt að uppbyggingu á Húsa-víkurflugvelli. Einnig láðist að nefna að auk endurnýjunar á búnaði flugvallarins á Gjögri er fyrirhuguð framkvæmd við klæðingu vallarins. Þar að auki er gert ráð fyrir að allt að 50 millj. kr. af fjárveitingunni verði nýttar í tengslum við viðbót við 6. gr. fjárlaga þar sem nú er gerð tillaga um heimild til handa fjármála- og efnahagsráðherra til að ganga til samninga við Vaðlaheiðargöng hf. um flutning á rúmlega 200 þúsund rúmmetrum af efni úr Vaðlaheiðargöngum á væntanlegt flughlaðssvæði við Akureyrarflugvöll.

Meiri hlutinn vekur einnig athygli á verkefni sem Landspítalinn hefur lengi stefnt að, þ.e. innleiðingu DRG-kerfis til framleiðnitengingar á fjárframlögum til spítalans. Tækifærið er nú orðið að veruleika með því að öll ákvæði laga um Sjúkratryggingar Íslands taka gildi nú. Spítalinn hefur unnið að þessu verkefni síðustu 14 árin og telur sig vera tilbúinn að hrinda því í framkvæmd. Hugmyndin er að Sjúkratryggingar geri samning um 25% fjármögnun spítalans eftir DRG-kerfinu, þ.e. framleiðnitengt á árinu 2016, og síðan 55% árið 2017. Mikilvægt er að tryggja sanngjarnan samning um framleiðslu en samkvæmt spítalanum hefur framleiðsla hans í heild, mæld með DRG-einingum, minnkað úr 45.232 (árið 2012) í 43.480 (árið 2013) þótt rekstrarkostnaður hafa aukist um 1,8 milljarða kr. á sama tíma.

Þá er vakin athygli á því að áform um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju eru óbreytt. Unnið verður að fjármögnunarleiðum samhliða undirbúningi útboðs sem fyrirhugað er á fyrri hluta komandi árs.

Skýringar við breytingartillögur á gjaldahlið.

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

30,0

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Millifært

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Lagt er til að 30 m.kr. verði millifærðar af liðnum 01-190-1.90 Ýmis verkefni yfir á 01-101-1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa vegna umsýslu með verkefnum sem varða samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Um er að ræða hluta af 55 m.kr. framlagi sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu til að mæta útgjöldum vegna verkefna sem byggjast á samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar hverju sinni. Þar er kveðið á um tugi verkefna sem forsætisráðuneytið stýrir og unnin eru á vettvangi þess og/eða í samvinnu við önnur ráðuneyti tímabundið eða varanlega. Talið er mikilvægt að fjárveiting verði mörkuð til þess að mæta útgjöldum vegna slíkra verkefna og til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika. Sem dæmi um verkefni sem þegar er unnið að eru málefni norðurslóða, lýðheilsuáhrif og verkefni sem hafa það markmið að efla byggð í einstökum landshlutum. Með þessari tillögu er ekki um að ræða ný útgjöld fyrir ríkissjóð heldur millifærslu á milli fjárlagaliða til að fjárveiting sé vistuð þar sem útgjöld falla til.

01-190 Ýmis verkefni

-30,0

1.90 Ýmis verkefni

Millifært

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Lagt er til að 30 m.kr. verði millifærðar af liðnum 01-190-1.90 Ýmis verkefni yfir á 01-101-1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa, sbr. skýringar við þann lið.

01-305 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

-99,0

1.10 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

Millifært

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um að 99 m.kr. verði millifærðar af liðnum 01-305-1.10 yfir á 01-311-1.01 Þjóðminjasafn Íslands, sbr. skýringar við þann lið.

01-305 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

-20,0

1.10 Græna hagkerfið og verkefni tengd vernd sögulegra og menningartengdra byggða og f

Millifært

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Lagt er til að 20 m.kr. tímabundið framlag sem er áætluð hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við endurbætur á húsnæði Kvennaskólans á Blönduósi verði millifært af liðnum 01-305-1.10 yfir á liðinn 01-321-1.01 Minjastofnun Íslands, sbr. skýringar við þann lið.

01-311 Þjóðminjasafn Íslands

99,0

1.01 Þjóðminjasafn Íslands

Millifært

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um að 99 m.kr. verði millifærðar af liðnum 01-305-1.10 yfir á 01-311-1.01 Þjóðminjasafn Íslands vegna framtíðarhúsnæðis varðveislu- og rannsóknarseturs þjóðminja. Um er að ræða 10 m.kr. vegna starfsmanns og 89 m.kr. vegna húsnæðiskostnaðar. Forsenda þess að fara megi í útboðsferli og gera skuldbindandi samning af hálfu ríkisins um leigu húsnæðis fyrir öryggisgeymslur þjóðminja er að fyrir liggi fjárveiting í fjárlögum. Fjárförð til 20 ára samnings vegna framangreinds er metin 99 m.kr. á ári sem byggist á áætlun og frumathugun Framkvæmdasýslu ríkisins, þ.e. samtals tæpir 2 milljarðar kr.

01-321 Minjastofnun Íslands **20,0**

1.01 Minjastofnun Íslands

*Millifært**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Lagt er til að 20 m.kr. tímabundið framlag sem er áætluð hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við endurbætur á húsnæði Kvennaskólans á Blönduósi verði millifært af liðnum 01-305-1.10 yfir á liðinn 01-321-1.01 Minjastofnun Íslands þar sem stofnunin mun annast faglega umsýslu og eftirfylgni vegna verkefnisins. Tillagan var samþykkt við 2. umræðu og er nú lagt til að framlagið flytjist á þann lið sem stofnar til útgjaldanna en Minjastofnun hefur haft veg og vanda af ráðgjöf og fjárveitingum til endurbótanna.

Samtals forsætisráðuneyti 0,0**02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum** **-6,4**

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

*Breyttar forsendur**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 6,4 m.kr. Tilefnið er að við 2. umræðu voru færðar inn launabætur vegna skiptingar á svokölluðum launapotti í tengslum við bókun 2 í kjarasamningi við Félag háskólakennara sem gerður var á yfirstandandi ári. Framlag til þessa liðar á ársgrundvelli átti að vera 2 m.kr. en fyrir mistök voru færðar 8,4 m.kr. inn á liðinn og er mismunurinn hér með leiðréttur.

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans **6,4**

1.01 Raunvísindastofnun Háskólans

*Breyttar forsendur**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 6,4 m.kr. Tilefnið er að við 2. umræðu voru færðar inn launabætur vegna skiptingar á svokölluðum launapotti í tengslum við bókun 2 í kjarasamningi við Félag háskólakennara sem gerður var á yfirstandandi ári. Framlag til þessa liðar á ársgrundvelli átti að vera 8,4 m.kr. en fyrir mistök voru einungis færðar 2 m.kr. inn á liðinn og er mismunurinn hér með leiðréttur.

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum **-4,8**

1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

*Breyttar forsendur**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 4,8 m.kr. Tilefnið er að við 2. umræðu voru færðar inn launabætur vegna skiptingar á svokölluðum launapotti í tengslum við bókun 2 í kjarasamningi við Félag háskólakennara sem gerður var á yfirstandandi ári. Framlag til þessa liðar á ársgrundvelli átti að vera 8,9 m.kr. en fyrir mistök voru færðar 13,7 m.kr. inn á liðinn og er mismunurinn hér með leiðréttur.

02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands **0,0**

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands

*Breyttar forsendur
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að bæði gjöld og sértekjur á liðnum hækki um 55 m.kr. Þar sem gert er ráð fyrir samsvarandi aukningu á þjónustukaupum vegna rannsókna háskóla í þágu landbúnaðar á liðnum 04-481. Við endurskipulagningu á verkaskiptingu ráðuneyta árið 2008 var m.a. gert ráð fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands færðist undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Þá var jafnframt fyrirhugað að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið greiddi fyrir rannsóknir Landbúnaðarháskólans í þágu landbúnaðar sem næmi 160 m.kr. og voru sértekjur skólans hækkaðar sem því nam til að standa straum af rannsóknunum. Í frumvarpinu nú var gert ráð fyrir 151,1 m.kr. fjárheimild á liðnum 04-481 til kaupa á þessum rannsóknum. Við 2. umræðu var ákveðið að auka framlagið um 55 m.kr. en hins vegar láðist að auka rekstrarumfang Landbúnaðarháskólans sem þeirri aukningu nam og er það því leiðrétt með þessari tillögu. Tillagan hefur ekki áhrif á rekstrarafkomu ríkissjóðs.

02-236 Rannsóknasjóður **-1.545,0**

1.10 Rannsóknasjóður

*Millifært
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.545 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

02-236 Rannsóknasjóður **1.545,0**

6.60 Rannsóknasjóður

*Millifært
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.545 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnarsýslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstilfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **20,0**

1.16 Nýjungar í skólastarfi

*Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Tillagan tekur mið af áætlun skólans um nemendafjölda og kemur til viðbótar 8 m.kr. framlagi sem samþykkt var við 2. umræðu. Að auki var gert ráð fyrir 8 m.kr. grunnframlagi og 15 m.kr. kennsluframlagi í frumvarpinu sjálfu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hyggst þar að auki veita viðbótarframlag af safnlið, allt að 10 m.kr., ef áætlanir skólans um nemendafjölda ganga eftir. Að því framlagi meðtöldu er gert ráð fyrir að heildarframlög ríkisins geti numið allt að 61 m.kr. á næsta ári.

- 02-451 Framhaldsfræðsla** **30,0**
 1.26 Þekkingarnet Austurlands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi
- Gerð er tillaga um að veitt verði 30 m.kr. tímabundið framlag til Austurbrúar vegna sameiningar stoðstofnana á Austurlandi. Ástæða þessa framlags er vanmetinn þróunarkostnaður vegna sameiningar Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, vaxtarsamnings kjördæmisins, Markaðsstofu Austurlands og menningarráðs Austurlands. Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal öll sveitarfélög á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins og framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi.
- 02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn** **4,8**
 1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Breyttar forsendur
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti
- Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 4,8 m.kr. Tilfnið er að við 2. umræðu voru færðar inn launabætur vegna skiptingar á svokölluðum launapotti í tengslum við bókun 2 í kjarasamningi við Félag háskólakennara sem gerður var á yfirstandandi ári. Framlag til þessa liðar á ársgrundvelli átti að vera 13,7 m.kr. en fyrir mistök voru einungis færðar 8,9 m.kr. inn á liðinn og er mismunurinn hér með leiðréttur.
- 02-982 Listir** **-10,0**
 1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga
Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi
- Gerð er tillaga um 10 m.kr. millifærslu af viðfangsefni áhugaleikfélaga yfir á atvinnuleikhópa. Um er að ræða leiðréttingu á tillögu sem var samþykkt við 2. umræðu.
- 02-982 Listir** **10,0**
 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa
Millifært
Samþykkt á Alþingi
Alþingi
- Gerð er tillaga um 10 m.kr. millifærslu af viðfangsefni áhugaleikfélaga yfir á atvinnuleikhópa. Um er að ræða leiðréttingu á tillögu sem var samþykkt við 2. umræðu.
- 02-982 Listir** **-9,0**
 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis, sbr. lög nr. 66/2012, um heiðurslaun
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi
- Gerð er tillaga um 9 m.kr. tímabundna lækkun á framlagi til heiðurslauna listamanna þar sem tillaga sem samþykkt var við 2. umræðu með sundurliðun á einstaklinga gerir samtals ráð fyrir 72,9 m.kr. útgjöldum sem er 9 m.kr. lægri fjárhæð en í frumvarpinu.
- 02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun** **-1.431,5**
 1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun
Millifært
Samþykkt af fjmr.
Fjármálaráðuneyti
- Lagt er til að 1.431,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun**1.431,5**

6.61 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.431,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstillfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 41,0**04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins****-23,0**

1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 23 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

04-413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins**23,0**

6.61 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 23 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstillfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**-201,7**

1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 201,7 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

04-417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs**201,7**

6.61 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 201,7 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnarsýslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstilfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

04-511 Tækniþróunarsjóður**-1.372,5**

1.10 Tækniþróunarsjóður

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.372,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

04-511 Tækniþróunarsjóður**1.372,5**

6.61 Tækniþróunarsjóður

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.372,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnarsýslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstilfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

04-522 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja**-1.280,0**

1.10 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.280 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

04-522 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja**1.280,0**

6.61 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 1.280 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnisýslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstilfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins**-80,8**

1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 80,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans, sbr. skýringar þar.

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins**80,8**

6.21 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

*Millifært**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að 80,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð af rekstrarviðfangi liðarins yfir á fjárfestingarviðfang hans en umfang liðarins verði eftir sem áður óbreytt. Með þessu er framsetning útgjalda í fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við nýja útgáfu þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands frá sl. hausti. Þar var tekin upp breytt framsetning á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar þar sem þau teljast framvegis til fjárfestingar en ekki til aðfanga fyrirtækja. Það felur í sér að ef ríkisaðili í A-hluta stendur í rannsóknum og þróun með kerfisbundnum hætti til að auka þekkingu í því augnamiði að þróa nýja afurð, gæði afurða eða hagkvæmari framleiðsluferli afurða, þá skal kostnaður vegna rannsókna og þróunar færast sem fjárfesting. Samsvarandi á við ef hið opinbera veitir rannsóknar- og þróunarframlög til aðila utan hins opinbera eða milli stjórnisýslustiga innan hins opinbera. Þá skulu slík framlög færast sem fjármagnstilfærslur þar sem þær verða nýttar til fjármunamyndunar hjá viðtakandi aðilum.

Samtals atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 0,0

06-190 Ýmis verkefni	21,0
1.10 Fastanefndir <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lögð er til tímabundin 21 m.kr. hækkun fjárveitingar til fastanefnda innanríkisráðuneytisins í eitt ár til að standast viðmið um málshraða við afgreiðslu málafjölda nýrrar kærunefndar útlendingamála. Nefndin tekur við kærumálum nú um áramótin en gert var ráð fyrir að hún yrði mönnuð tveimur lögfræðingum auk formanns. Árið 2013 bárust að meðaltali 22 kærur í útlendingamálum á mánuði. Samkvæmt nýlegum árangursmælingum vinnur hver starfsmaður í ráðuneytinu að meðaltali fjögur kærur í útlendingamálum á mánuði í stað eins til tveggja áður. Í samræmi við það þarf fjóra til fimm starfsmenn til þess að sinna innkomnum málum á kærustigi fyrir utan ritara. Tillagan gengur út á að tímabundið verði ráðnir tveir lögfræðingar auk ritara til að hægt verði að viðhalda 90 daga málsmeðferðarhraða með tilheyrandi hagræði varðandi dvalarkostnað hælisleitenda á fjárlagaliðnum 06-399, að því gefnu að það takist að vinna á eldri málum sem föst eru í kerfinu. Í annari tillögu er gert ráð fyrir 29,4 m.kr. tímabundnu framlagi á liðnum 06-398 Útlendingastofnun til að standa undir átaki í úrvinnslu eldri mála vegna hælisleitenda. Gangi þessar tillögur eftir ætti 285,8 m.kr. fjárveiting sem gert er ráð fyrir á liðnum 06-399 Hælisleitendur að nægja til að standa undir rekstri málaflokksins.
06-301 Ríkissaksóknari	10,0
1.05 Ríkissaksóknari <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til 10 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til ríkissaksóknara til að ljúka átaki til að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn. Í fjárukalögum fyrir árið 2013 var 5 m.kr. framlag til embættisins vegna átaksins og 10 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum fyrir árið 2014.
06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	10,0
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til að ljúka átaki til að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn. Í fjárukalögum fyrir árið 2013 var 18,9 m.kr. framlag til embættisins vegna átaksins og 30 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum fyrir árið 2014.
06-319 Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	6,0
1.01 Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til 6 m.kr. framlag til að styrkja rekstrarstöðu embættis lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

06-398 Útlendingastofnun**29,4**

1.01 Útlendingastofnun

*Breyttar forsendur
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Lögð er til 29,4 m.kr. tímabundin hækkun á fjárveitingu til Útlendingastofnunar í eitt ár til að standa undir átaki í úrvinnslu eldri mála vegna hælisleitenda. Í ágúst sl. setti innanríkisráðuneytið sér markmið um 90 daga málsmeðferðartíma hælisleitenda og náðist það markmið í lok nóvember á þessu ári. Út af standa eldri mál sem ekki hefur tekist að ná utan um og verða afar kostnaðarsöm takist ekki að tryggja nauðsynlegan mannafla til afgreiðslu þeirra. Talið er að hagkvæmasti kosturinn fyrir ríkissjóð sé tímabundin ráðning fimm lögfræðinga í sex mánuði árið 2015 sem áætlað er að kosti 21 m.kr. Eftir að sex mánaða tímabilinu lýkur er talið nauðsynlegt að tveir af þessum fimm lögfræðingum starfi út árið eða sex mánuði til viðbótar en áætlaður kostnaður við það er 8,4 m.kr. Gangi þetta eftir, ásamt tímabundnu 21 m.kr. framlagi til kærunefndar í málefnum hælisleitenda sem tillaga er gerð um á liðnum 06-190 Fastanefndir, ætti 285,8 m.kr. fjárveiting sem gert er ráð fyrir á liðnum 06-399 Hælisleitendur að nægja til að standa undir rekstri málaflokksins. Að öðrum kosti eru líkur á að kostnaður við fjárlagaliðinn verði svipaður og á yfirstandandi ári, eða um 450 m.kr.

06-443 Sýslumaður Vestfjarða**12,0**

1.01 Sýslumaður Vestfjarða

*Breyttar forsendur
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Lagt er til 12 m.kr. framlag til sýslumanns Vestfjarða til að tryggja stöðu fulltrúa á Patreksfirði.

06-447 Sýslumaður Suðurlands**12,0**

1.01 Sýslumaður Suðurlands

*Breyttar forsendur
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Lagt er til 12 m.kr. framlag til sýslumanns Suðurlands til að tryggja stöðu fulltrúa á Höfn í Hornafirði.

06-651 Vegagerðin**40,0**

1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Lagt er 40 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til að standa straum af kostnaði vegna samnings um siglingar milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja yfir háveturinn. Frá desember og fram í mars eða apríl má reikna með að aðstæður geti verið þannig að vegna vetrarveðra sé ekki hægt að halda nægilegu dýpi fyrir siglingar Herjólfss í Landeyjahöfn. Til þess að halda uppi þjónustu á siglingaleiðinni þann tíma er gert ráð fyrir að tímabundinn samningur verði gerður um siglingar skips með litla grunnristu. Samningurinn verður á milli Vegagerðarinnar og útgerðar skipsins, en með samþykki útgerðar Herjólfss sem hefur þjónustusamning við Vegagerðina um að halda uppi samgöngum við Vestmannaeyjar. Einnig er gerður samningur við Eimskip vegna tekjutaps og þjónustu sem félagið innir af hendi, svo sem farmiðasölu og auglýsinga. Í drögum að samningi er gert ráð fyrir siglingum skipsins frá desember til 1. mars með ákvæði um að byrja siglingar fyrr ef þörf krefur og sömuleiðis ákvæði um framlengingu ef aðstæður krefjast þess. Kostnaður við samninginn er metinn um 40 m.kr. í vetur en það mat er þó háð fjölda ferða sem skipið getur siglt sem takmarkast af veðri og ölduhæð, og því hversu mikinn hluta vetrarins Landeyjahöfn er of grunn fyrir siglingar Herjólfss. Síðastliðinn vetur sigldi skipið í tvo mánuði og var kostnaður við það um 25 m.kr. Eins og áður segir er hér um tímabundna ráðstöfun að ræða sem verður endurmetin að ári liðnu eða þegar framtíðarfyrirkomulag siglinga milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyjar liggur betur fyrir.

06-733 Kirkjugarðar**25,7**

1.11 Kirkjugarðar

*Samningsbundið**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Gerð er tillaga um 25,7 m.kr. hækkun á framlagi til kirkjugarða. Hækkunin er niðurstaða af uppfærslu á reiknilíkani sem heldur utan um framlög til liðarins en við undirbúning frumvarpsins náðist ekki að ljúka uppfærslunni. Sá útreikningur hefur nú farið fram og samkvæmt honum eiga framlög á næsta ári að nema 997,6 m.kr. að teknu tilliti til hagræðingar og verðlagsbreytinga. Á móti þessari hækkun vega 5,7 m.kr. til lækkunar vegna endurmats á verðlagsforsendum fjárlaga við 2. umræðu þannig að samanlögð hækkun frá forsendum frumvarpsins er 20 m.kr. Framlagið breytist m.a. með tilliti til fjölda grefrana og aukins landrymis kirkjugarða.

Samtals innanríkisráðuneyti 166,1**08-208 Slysátryggingar****-1,0**

1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna

*Fjármagnað með ríkistekjum**Samþykkt af fjmr.**Fjármálaráðuneyti*

Lögð er til 1 m.kr. lækkun á fjárveitingu sem fjármögnuð er með tekjum af slysátryggingaiðgjaldi sjómanna. Tilefnið er að við 2. umræðu voru tekjur lækkaðar um 1 m.kr. í kjölfar endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af gjaldinu fyrir árið 2015. Það láðist að lækka útgjöldin um samsvarandi fjárhæð á móti þannig að viðskiptahreyfing myndaðist á liðnum en með þessari tillögu er þetta leiðrétt.

08-303 Lýðheilsusjóður	-1,0
1.90 Lýðheilsusjóður <i>Fjármagnað með ríkistekjum</i> <i>Samþykkt af fjmr.</i> <i>Fjármálaráðuneyti</i>	Lögð er til 1 m.kr. lækkun á fjárveitingu sem fjármögnuð er með tekjum af áfengisgjaldi en 1% tekna af áfengisgjaldi rennur til Lýðheilsusjóðs. Tilefnið er að við 2. umræðu voru tekjur lækkaðar um 1 m.kr. í kjölfar endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af áfengisgjaldi fyrir árið 2015. Það láðist að lækka útgjöldin um samsvarandi fjárhæð á móti þannig að viðskiptahreyfing myndaðist á liðnum en með þessari tillögu er þetta leiðrétt.
08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	20,0
1.98 Ýmis framlög velferðarráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til FRÆ sem er fræðslu- og upplýsingamiðstöð sem sinnir samþættingu víðtækra forvarnaverkefna í samfélaginu. FRÆ starfrækir gagnasafn um forvarnir og vímuefnamál og heldur úti upplýsinga- og gagnasíðunni forvarnir.is. FRÆ er samstarfsvettvangur 15 stórra félagasamtaka, þar á meðal UMFÍ, skátahreyfingarinnar og Kvenfélagasambands Íslands.
08-517 Læknavaktin	0,0
1.01 Læknavaktin <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af fjmr.</i> <i>Fjármálaráðuneyti</i>	Lagt er til að sértekjur Læknavaktarinnar lækki um 13,2 m.kr. og fjárheimild lækki um samsvarandi fjárhæð á móti. Í fjárlögum fyrir árið 2014 voru komugjöld á heilsugæslustöðvar hækkuð og samhliða því voru sértekjur vegna Læknavaktarinnar hækkaðar um 13,2 m.kr. Þar sem komugjöld á Læknavaktina teljast ekki til sértekna ríkisins hefði ekki átt að koma til hækkunar sértekna á þessum lið heldur hefði hækkun komugjalda átt að leiða til lækkunar annarra gjalda. Með þessari tillögu er framsetningin leiðrétt. Breytingin hefur hvorki áhrif á umfang Læknavaktarinnar né afkomu ríkissjóðs.
08-700 Heilbrigðisstofnanir	100,0
1.01 Almennur rekstur <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 100 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja rekstrargrunn heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Tillagan kemur til viðbótar 80 m.kr. framlagi sem samþykkt var við 2. umræðu og vísast til skýringa við tillögu um það. Í byrjun næsta árs mun velferðarráðuneytið því skipta 180 m.kr. á heilbrigðisstofnanirnar og gera fjárlaganefnd grein fyrir forsendum skiptingarinnar.
08-852 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	0,1
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af fjmr.</i> <i>Fjármálaráðuneyti</i>	Lögð er til 0,1 m.kr. lækkun á sértekjum liðarins. Útgjöld liðarins eru að fullu fjármögnuð með sértekjum en við 2. umræðu lækkuðu gjöld á liðnum um 0,1 m.kr. vegna endurmats á bótaforsendum en á móti láðist að lækka sértekjurnar um samsvarandi fjárhæð. Með þessari tillögu eru þessi mistök leiðrétt.

Samtals velferðarráðuneyti 118,1

Samtals öll ráðuneyti 325,2

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 13. desember 2014.

Vigdís Hauksdóttir,
form., frsm.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Ásmundur Einar Daðason.

Haraldur Benediktsson.

Karl Garðarsson.

Valgerður Gunnarsdóttir.